

Áherslupættir í Melaskóla

Áhersla er lögð á að nemendur geti notað málið í raunverulegum samskiptum og læri hvað er við hæfi við tiltekna aðstæður. Umfjöllun um menningu annarra landa er vel til þess fallin að auka víðsýni, skilning og umburðarlyndi gagnvart öðrum og einnig skilning á eigin menningu. Aukin þekking er líkleg til að vekja áhuga og jákvætt viðhorf til tungumálanáms. Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir til að námið nýtist sem best hverjum og einum. Sameiginlegt kjarnaefni er fyrir alla nemendur en einnig fá mismunandi einstaklingar mismunandi ítarefni.

Formleg enskukennsla hefst í 4. bekk með einni kennslustund, í 5. – 7. bekk eru tvær kennslustundir á viku.

Dönskukennsla hefst í 7. bekk og eru þrjár kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið í erlendum tungumalum við lok 7. bekkjar:	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Hlustun <i>Skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega</i>	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> Fylgja einföldum fyrirmælum og leiðbeiningum kennara nota einföld orð og setningar í tengslum við viðfangsefni hverju sinni og geta svarað einföldum spurningum geta fylgst með einföldu hlustunarefni t.d.einföldum texta og söngvum 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> fylgja fyrirmælum og leiðbeiningum kennara taka þátt í samræðum í kennslustundum geta svarað spurningum um kunnuglegt efni hlusta eftir ákveðnum upplýsingum í einföldu hlustunarefni 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> taka þátt í samræðum sín á milli og við kennara hlusta eftir tilteknum staðreyndum í sögu eða frásögn og nýta þær nýta sér hlustun í tengslum við önnur verkefni 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> vinna með algengar upplýsingar, fyrirmæli og leiðbeiningar tengdar daglegu lífi skoða aðgengilegt efni í myndmiðlum vinna með algeng orðasambönd og orðatiltæki í daglegu máli hlusta eftir nákvæmnisatriðum og nýta sér þau
Lesskilningur <i>Lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraráferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum</i>	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> lesa einfaldar setningar 	Nemendur : <ul style="list-style-type: none"> velja og lesa bækur við hæfi hvers og eins æfa sig í lestri á stuttum texta bæði upphátt og í hljóði endursegja efni texta og svara spurningum 	Nemendur : <ul style="list-style-type: none"> velja og lesa bækur við hæfi hvers og eins æfa sig í lestri á texta bæði upphátt og í hljóði endursegja efni texta og svara spurningum lesa saman styttri skáldsögur 	Nemendur : <ul style="list-style-type: none"> velja og lesa bækur við hæfi hvers og eins æfa sig í lestri á texta bæði upphátt og í hljóði endursegja efni texta og svara spurningum lesa saman styttri skáldsögur
Samskipti <i>Sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitt máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisvenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan t.d. með látbragði</i>		Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> taka þátt í hlutverkjaleikjum í stórum sem litlum hópum undir stjórn kennara ræða við kennara og bekk um daglegt líf 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> taka þátt í hlutverkjaleikjum í stórum sem litlum hópum undir stjórn kennara ræða við kennara og bekk um daglegt líf 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> taka þátt í hlutverkjaleikjum í stórum sem litlum hópum undir stjórn kennara ræða við kennara og bekk um daglegt líf á fjölbreyttan hátt
Frásögn <i>Tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli, hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval</i>		Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> kynna t.d. sig og sína fjölskylduhagi 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> kynna t.d. áhugamál sín og bækur sem þeir hafa lesið 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> kynna t.d. matseðil vikunnar, hollustu og hreyfingu

Ritun <i>Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfraði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki</i>		Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> búa til setningar við myndir skrifa rétt helstu orð sem koma fyrir skrifa stuttan texta um sjálfan sig byrja að vinna með grunnreglur enskrar málfraði í vinnubók 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> skrifa stuttan texta út frá námsbók og stafsetja rétt skrifa samfelldan texta þar sem þau nýta m.a samtengingar vinna áfram með grunnreglur enskrar málfraði í vinnubók 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> skrifa texta út frá verkefnum í námsbók og stafsetja rétt skrifa samfelldan texta þar sem þau nýta málfraði- og stafsetningarreglur vinna áfram með grunnreglur enskrar málfraði í vinnubók
Menningarläsi <i>Sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor</i>		Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> átta sig á ólíkum málsvæðum enskrar tungu með því að hlusta á mismunandi framburð 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> lesa texta þar sem sjá má samskipti ólík þeirra eigin (t.d. í kennslustofum) 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> átta sig á skyldleika tungumálsins við íslensku í dönsku og ensku í umræðum geta nýtt sér tungumálið til að finna upplýsingar um líf og störf fólks í Evrópu (tenging við landafræði Evrópu)
Námshæfni <i>Sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf</i>		Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> rýna í erfiðan texta, áttað sig á innihaldi og umorðað hann vinna saman í hópvinnu og læra hvert af öðru t.d. framburð og ritun sjálfsmat – jafningjamat eigin reynsla samvinna – tillitsemi orðabækur o.fl. 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> rýna í erfiðan texta, áttað sig á innihaldi og umorðað hann vinna saman í hópvinnu og læra hvert af öðru t.d. framburð og ritun 	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> rýna í erfiðan texta, áttað sig á innihaldi hans og beitt honum í vinnu sinni vinna saman í hópvinnu og læra hvert af öðru t.d. framburð og ritun
Námsefni	Right On!, geisladiskur og vinnubók. Muzzy, myndband og kennsluleiðbeiningar.	Speak out og Work out ásamt hlustunarefni. Ýmsar léttlestrarbækur, topic bækur og verkefni. Enskar málfraðiæfingar A og Hickory, Dickory, Dock og Tic tac og toe (vinnubækur sem flæða í 5. og 6. bekk).	Build up verkefna og hlustunarefni. Enskar Málfraðiæfingar B og topic bækur og verkefni.	Enska: Action, hlustunarefni, lesbækur og vinnubækur. Myndefni, netið og DVD. Enskar Málfraðiæfingar C. Danska: Start og Smart, hlustunarefni, lesbækur og vinnubækur.
Námsmat		Símat og leiðsagnarmat á vinnu nemenda. Ekkert formlegt mat eftir fyrri önn en í lok vorannar er próf bæði munnlegt og skriflegt. Einkunn: próf 50% , munnlegt 20% og vinnusemi 30%	Símat og leiðsagnarmat á vinnu nemenda. Ekkert formlegt mat eftir fyrri önn en í lok vorannar er próf bæði munnlegt og skriflegt. Einkunn: próf 50% , munnlegt 20% og vinnusemi 30%	Símat og leiðsagnarmat á vinnu nemenda. Skriflegt próf í janúar og í lok vorannar er próf bæði munnlegt og skriflegt. Einkunn: próf 50% , munnlegt 20% og vinnusemi 30%

Skólanámskrá

Erlend tungumal – miðstig

Melaskóli